

Á gjöldin leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma. Þegar um afnot á heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar, sbr. 3. gr., getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Stofngjöld skal reikna af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupp-hitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur.

Stofngjald skal vera:

- a) Af öllu húsnæði öðru en um getur í liðum b og c hér á eftir.

	Stærð húss	Stofngjald
	250 m ³	kr. 8 116,00
251—	500 m ³	kr. 8 116,00 + 19,48 kr/m ³ yfir 250 m ³ .
501—	500 m ³	kr. 12 986,00 + 11,36 kr/m ³ yfir 500 m ³ .
1 501—	6 000 m ³	kr. 24 346,00 + 7,31 kr/m ³ yfir 1 500 m ³ .
	6 000 m ³	kr. 57 241,00 + 5,69 kr/m ³ yfir 6 000 m ³ .

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambylíshúsi skal vera kr. 5 680,00, sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

- b) Fyrir rafkynnt hús með þilofnum eða geislum sem einungis tekur heimæð til neyslu-vatnsnotkunar skal greiða 40% af stofngjaldi skv. a-lið. Þetta gjald hækkar ekki þótt heimtaugin verði síðar notuð til húshitunar, ef sú breyting fer fram innan 5 ára.
- c) Hitaveitunni er heimilt að leggja sérstakar heimæðar, sem ekki eru ætlaðar til húshitun-ar skv. reikningi og fellur þá niður gjald skv. liðum a og b.

8. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 244,00.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu opnunargjalds áður en opnað er.

11. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. október 1981, 811 stig.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum sem á nefndri vísitölu verða enda liggja fyrir staðfesting ráðuneytisins hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 5. nóv. 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 619/1981 og birtist til eftir-breytni öllum sem hlut eiga að máli.

Íðnaðarráðuneytið, 24. nóvember, 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðureyrarhrepps nr. 226 26. maí 1977, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a. Fastagjald kr. 26,35 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
 b. Vatnsgjald kr. 211,36 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.
 Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

10. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Suðureyrarhrepps hefur rétt til að loka aðrennsli að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 67,00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 5. nóv. 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 619/1981 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

24. nóvember 1981.

Nr. 766.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur nr. 461 1. nóvember 1979.

3. gr. orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 0,25 fyrir hverja kíló-wattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 2,23 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu. Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 11,91.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að takmarka vatnsrennsli til húsa um stillanlega hemla og miðast gjald fyrir selda orku við það mark sem hemillinn er stilltur á. Gjald fyrir hvern mínútulítra á mánuði skal vera kr. 223,20.

Orkubúi Vestfjarða stillir hemil, sbr. 3. mgr., að ósk notanda og heitir stillingu, ef notandi fer fram á það við Orkubúið.

Hæsta stilling hemils gildir í eitt ár í senn miðað við 1. september—31. ágúst, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

Framangreind hitaveitugjöld má krefja mánaðarlega.

5. gr. orðist þannig:

Heimædagjöld fyrir hitaveitur Orkubús Vestfjarða skulu vera sem hér segir:

- a) Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun:
 Lágmarksgjald fyrir mælagrind og fyrstu 300 rúmmetra húsnæðis kr. 9 489,00
 Fyrir hvern rúmmetra húsnæðis fram yfir fyrstu 300 kr. 7,64
- b) Af nýju húsnæði, breytingum og endurbyggingu húsnæðis sem felur í sér stækkun eða breytta notkun og tengist hitaveitu áður en það er tekið í notkun, og jafnframt húsnæði samkvæmt a) sem ekki tengist hitaveitunni innan 6 mánaða frá því að af tengingu getur orðið:
 Lágmarksgjald fyrir mælagrind og fyrstu 300 rúm.m húsnæðis kr. 13 171,00
 Fyrir hvern rúmmetra húsnæðis fram yfir fyrstu 300 kr. 11,38